

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótdagur	01.02.2017
Málalýkill	07.10
Mál nr.	1702005



Garðabær
B.t. Eysteins Haraldssonar, bæjarverkfræðings
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 30. janúar 2017

Varðar: Umfang óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði í Garðabæ.


Á fundi stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins þann 20. janúar sl. var slökkviliðsstjóra falið að kortleggja, í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, umfang óleyfisbúsetu í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði. Samstarf af þessum toga milli byggingarfulltrúa og eldvarnaeftirlits um eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breytti notkun þess er tilgreint í c.-lið 1. mgr. 12. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Ég tel samstarf um þetta verkefni vera skynsamlega ákvörðun vegna þekkingar starfsfólks sveitarfélaga á eigin staðhættum, auk atriða er varða skipulags- og byggingamál. Kortlagning á þessu er fyrsta skref til að ná utan um verkefnið og verður seint tæmandi en á að gefa býsna góða mynd af ástandinu. Sú þekking sem skapast við kortlagninguna mun geta hjálpað við áframhaldandi vinnu og forgangsörðun í þessu verkefni sem svo brýnt er að sinna. Rétt er að undirstrika að stór hluti af þessu húsnæði er til fyrirmyndar og kallar ekki á frekari aðgerðir af hálfu sveitarfélagsins eða slökkviliðsins.

Verkefnið er að sumu leyti snúið þar sem misauðvelt er að staðfesta búsetu. Ýmsar leiðir hafa þó verið farnar gegnum tíðina, s.s. að fá upplýsingar frá öðrum rekstraraðilum í viðkomandi húsi og póstburðarfólki sem oft hefur reynst vel í þessu samhengi. Þá hafa götur verið gengnar að kvöldlagi og litið eftir ljósi í gluggum á efri hæðum.

Þetta er allnokkur vinna og óska ég eftir því að þú leggi til starfskrafta með okkur í þetta verkefni sem síðan þarf að ræða hvernig við tökum á. Til að ýta verkefninu af stað eru fulltrúar frá sveitarfélögnum á höfuðborgarsvæðinu boðaðir á sameiginlegan fund miðvikudaginn 8. febrúar nk. klukkan 13.00 á slökkvistöðinni við Skógarhlíð.

Virðingarfyllst,


Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Afrit:
Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.